




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klettaborg

Starfsáætlun 2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	6
4	Innra mat deilda	7
4.1	Kríuklettur	7
4.2	Hrafnaklettur	9
4.3	Arnarklettur	11
4.4	Fálkaklettur	13
5	Innra mat sérkennslu	15
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	17
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	19
6.1	Fræðsla 2023-2024	19
6.2	Fræðsla 2024-2025	19
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
8	Foreldrasamvinna	21
8.1	Foreldrafélag	21
8.2	Foreldraráð	21
8.3	Foreldrasamvinna	21
9	Skipulagsdagar	22
10	Leikskóladagatal	23
11	Fylgiskjöl	24
11.1	Umsögn foreldraráðs	24
11.2	Litlu Laukar	25



Gleði - Virðing - Öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Liðið skólaár hefur gengið með ágætum, starfað eftir starfsáætlun leikskólans. Fastar venjur hafa haldið sínum sessi og aðeins smávægilegar breytingar á þeim eftir atvikum.

Áherslur okkar á hugtökin “virðingu – umburðarlyndi og kærleika“. Sálfræðingur úr Austurmiðstöð kom á skipulagsdegi síðastliðið haust, hélt erindi og spjallaði. Hennar innlegg studdi vel við okkar sýn.

Regnbogavottun er enn á bið vegna biðlista hjá verkefninu, við sýnum biðlund því við erum ákveðin í að fá vottunina.

Náms- og kynnisferð

Starfsfólk fór í náms og kynnisferð til Helsinkí í Finnlandi og Tallín í Eistlandi og þar var dagskráin fjölbreytt og gefandi.

Fyrsta daginn í Helsinkí var vinnustofa með Dögg Guðmundsdóttir hönnuði.

Í Tallín í Eistlandi, heimsóttum tvo ólíka leikskóla, annan einkarekinn og hinn borgarrekinn. Mjög lærdómsríkt og frábærar móttökur.

Menningarmiðstöð helstu viðfangsefni þar eru að taka virkan þátt í æskulýðsmálum, menningu (leikhús, tónlist, dans og list), vinnustofur, skemmtanir og eða mismunandi gerðir af leikjum. Þarna er unnið þvermenningarlegt nám í gegnum alþjóðleg verkefni með stuðningi Erasmus+ áætlunar.

Enduðum þennan dag á heimsókn í Ukrainian Cultural Center – Anatoli Ljutjuk – Safn þetta er einstakt og vinna listamannsins Anatoli Ljutjuk engu lík. Pappírsgerð, bókaútgáfa og barnaleikföng sem eru handunnin eftir hugmyndum frá börnum. Trúar og lífsskoðanir hans í máli og myndum.

Starfsmenn eru á einu máli um að þeir hefðu lært mikið í þessari náms og kynnisferð.

Starfsmannahópurinn

Ákaflega litlar breytingar verða í starfsmannahópnum næsta vetur og má búast má við framhaldi af þeim stöðuleika fyrir utan að örlítill fjölgun verður í hópnum.

Sköpun

Til viðbótar við listgreinakennslu á öllum deildum mun kennari sem starfað hefur við leikskólann undanfarin ár og var að ljúka námi við Listaháskóla Íslands taka við listgreinakennslu og mun vera með listgreinakennslu í listaskála fyrir börn á leikskólanum.

Menntastefnuverkefni / útikennsla

Á næsta skólaári verður áfram haldið með menntastefnuverkefnið „Nú er úti veður“. Áhersla á útikennslu sem hefur verið í gangi hjá okkur undanfarin ár heldur áfram og bætt verður enn



Í. Við erum að sækja um að fá útikennslusvæði sem við bindum miklar vonir við að verði að veruleika í haust til viðbótar við gróðurkassana á útisvæðinu okkar sem eru ákaflega vinsælir – mikið ræktað þar. Vonumst eftir að framhald verði á styrkveitingu vegna þessa verkefnis.

Litlu laukar Bragðlaukaþjálfun

Á næsta skólaári tökum við þátt í verkefni sem tengist rannsókn á matvæðni hjá börnum á aldrinum 0-6 ára. Starfsfólk fær fræðslu og fæðumiðuð íhlutun verður í leikskólum. Nánari upplýsingar um þetta verkefni er í viðauka 10.2.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Það sem var metið	Framkvæmd	Þátttakendur	Helstu niðurstöður
Starfsáætlun	Á Deildarfundum og í stjórnendateymi umræður	Allt starfsfólk deilda, stjórnendur og börn	Veturinn hefur verið skemmtilegur og allt náðst sem ákvörðun var tekin um í starfsáætlun tækifæri til umbóta er í að virkja sköpun í leik enn frekar
Hugtökin	Fengum fræðslu frá sálfræðingi frá Austurmiðstöð	Allir starfsmenn	Hennar innlegg studdi vel við okkar sýn.
Starfsumhverfi	Netkönnun með fjölval spurningum send á starfsmenn	Allir starfsmenn	Bæta þarf boðleiðir innan leikskólans og auka hrós.

Ytra mat

Sameyki gerði starfsmannakönnun á skólaárinu 2023-2024 sem allir starfsmenn svöruðu. Niðurstöðurnar voru jákvæðar en ekki gafst tími á yfirstandandi skólaári til að rýna í þær og verður það gert á næsta skólaári.

Skóla og frístundasvið gerði hvorki foreldra- né starfsmannakönnun á yfirstandandi skólaári en könnun verður gerð á næsta skólaári.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Bæta upplýsingaflæði	Fram kom í könnun meðal starfsmanna að bæta þurfi upplýsingaflæði innan hús	Skoða hvaða leiðir er hægt að fara til að auka upplýsingaflæði i innan hús	Leikskóla- stjóri / Aðstoðar- leikskóla- stjóri	Ágúst 24'	Maí 25'	Umræður á starfsdegi	Að starfsfólki finnist að boðleiðir séu orðnar góðar?
Uppeldis- og menntastarf							
Yfirfara skólanámskrá	Yfirfara þarf skólanámskrá með tilliti til nýrrar aðalnámskrá leikskóla sem kom út 2024	Yfirfara skólanámskrá Klettaborgar með tilliti til nýrrar aðalnámskrár leikskóla sem kom út 2024	Leikskóla- stjóri	Ágúst 24'	Maí 25'	Ný skóla- námskrá tilbúin	Að skólanámskrá Klettaborgar sé í takt við nýja aðalnámskrá
Mennta- stenfan	Að auka enn frekar við útikennslu á leikskólanum	Byggja upp útikennslusvæði á lóð leikskólans	Leikskóla- stjóri / Menntastef nustjóri	Ágúst 24'	Maí 25'	Samtal á skipulags-degi	Að upp sé komið svæði og starfsfólk nýtt
Mannauður / Leikskólabragur							
Hrós	Hluti starfsfólks telur sig sjaldan fá hrós eða hvatningu	Auka hrós, fá fræðslu inn á leikskólann	Leikskóla- stjóri / Deildar- stjórar	Ágúst 24'	Maí 25'	Starfsmannakönnun	Að allir starfsmenn telji sér vera hrósað
Símenntun starfsfólks	Að allir starfsmenn fari alla vega á eitt námskeið á skólaárinu	Að allir starfsmenn fari alla vega á eitt námskeið á skólaárinu	Leikskóla- stjóri / Deildar- stjórar	Ágúst 24'	Maí 25'	Haldin skráning yfir símenntun starfsmanna til að tryggja að allir fari	Að allir starfsmenn hafi farið á allavega eitt námskeið á skólaárinu
Innra mat							
Deildarstarf metið reglulega	Öll viðfangsefni deildanna	Fundir með öllu starfsfólki um áætlun deildarinnar	Deildar- stjórar	Ágúst 24'	Maí 25'	Deildarfundir hálfsmánaðarlega	Skráningar fundanna skoðaðar – hvernig gekk.



4 Innra mat deilda

4.1 Kríuklettur

Starfið á Kríukletti gekk mjög vel í vetur. Á deildinni voru eldri börn en við erum almennt vön og gátum við haldið áfram með starf síðasta vetrar. Við fengum til okkar 9 börn sem ekki höfðu verið áður. Á deildinni voru 3 árgangar, 10 börn fædd 2020, 5 börn fædd 2021 og 2 börn fædd 2022.

Við lögðum mikla áherslu á menntastefnu verkefnið okkar, *Nú er úti veður...* Öll börnin á deildinni fóru í 12 útinámsstundir. Við skoðuðum nánasta umhverfið okkar og unnum ýmis verkefni. Starfsmenn deildarinnar vilja auka skráningu í útinámi og fer það verkefni í umbótaáætlun.

Í hverjum mánuði vinnum við með þulur. Börnin læra þulurnar og myndskreyta. Í lok ársins er gerð þulubók sem börnin fá með sér heim. Næsta vetur ætlum við að vinna meira með þulurnar og ætlum við að skrá niður endursögn elstu barnanna á deildinni. Hvert barn segir kennara sína útgáfu af þulunni sem er skráð niður (sjá einnig í umbótaáætlun).

Blær- Vináttu verkefni Barnaheilla gekk vel á deildinni. Börnunum á deildinni var skipt í tvo hópa, yngri og eldri. Börnin fóru tvisvar í mánuði í skipulagðar Blæ stundir. Þetta verkefni heldur áfram næsta vetur.

„Gefðu 10“ gekk vel þetta árið. Við fengum kynningu á verkefninu á skipulagsdegi í haust. Starfsfólk deildarinnar var duglegt að *Gefa 10* og minna hvort annað á. Á deildinni voru 2 drengir sem voru í þessu verkefni.

Deildarstjóri gerði Tras athugun á öllum börnum í október og aftur í apríl. Tras er skráning á málproska 2 -5 ára barna, skráð 2x á ári og fylgir börnunum í gegnum leikskólann.

Þjóðsagan, sagan um Lagarfljótsorminn var valin þetta árið sem þjóðsaga leikskólans. Þetta er í fyrsta skipti sem við vinnum með hana. Verkefnið gekk vel á deildinni, sagan var lesin nánast daglega og ýmis verkefni unnin úr sögunni. Mikill áhugi var meðal barna og starfsfólks á sögunni. Verkefninu lauk með endursögn barnanna.



Umbótaáætlun Kríukletts

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skráningar í útinámi	Myndaskráning í útinámi. Ein skráning gerð fyrir hvert barn sem fer í ferilmöppu.	Starfsmaður skráir niður upplifun barns í útinámi	Deildarstjóri	Október '24	Mai'25	Rætt á deildarfundi, Haldið utan um ferðir með skráningum.	Allt útinám myndað og skráð í möppu. Ein skráning í ferilmöppu barns
Þulur	Eldri börn deildarinnar endursegja þulu mánaðarins og það skráð.	Starfsmaður skráir niður endursögn og skráir í þulubók barnsins	Starfsmenn deildar	Septemb er'24	Mai'25	Farið yfir verkefnið á deildarfundi. Verkefnum safnað saman í lok annar og sett saman í þulubók	Öll börn fædd 2021 segja starfsmanni sína útgáfu af þulu mánaðarins.



4.2 Hrafnaklettur

Þetta haustið vorum við að aðlaga alveg nýjan barnahóp á Hrafnaklett. Engin börn urðu eftir á deildinni frá síðasta vetri. Aðlögun fór fram í ágúst og september. Meiri hluti barnanna voru að koma til okkar frá öðrum leikskólum. Starfsmannahópurinn var sá sami og frá síðasta vetri. Einn starfsmaður byrjaði hjá okkur í febrúar vegna stuðningstíma með barni. Barnahópurinn er ólíkur frá árinu áður og ýmislegt sem gekk vel þá fundum við að gekk ekki upp núna. Eitt af því var að borða morgunmat inn í Glym (sal). Að fara út af deildinni skapaði óróa og erfitt var að fá barn úr leik til að fara á annað svæði fyrir morgunmat. Í Október fékk hver starfsmaður deildar eitt viðfangsefni til að vinna með öllum börnum deildar í litlum hópum í einn mánuð. Þetta var málörvun, útkennsla, Blæstundir og einingakubbar. Þetta gekk vel og starfsfólki fannst gaman að undirbúa sig fyrir verkefni. Notuð var myndaskráning sem fór inn á Völuna fyrir foreldra. Þetta var svo endurtekið eftir áramót með nýjum viðfangsefnum. Þá t.d. bættum við inn Sögugrunni og spilum. Við fórum í nokkrar gönguferðir fyrir áramót þar sem nærumhverfið var kannað og orðaforðinn aukinn með því að setja orð á það sem við sáum, t.d. brunahani, merki Reykjavíkurborgar, rafmagnshleðslustöðvar, gangbrautir og margt fleira. Foreldrar höfðu orð á í viðtölum í nóvember að orðaforði barna hefði aukist og mörg ný orð bæst við. Það gladdi okkur á deildinni og hvatti áfram.

Sex börn á deildinni eru tví-/þrítyngd og var unnið með verkefni tengd fjölmenningu í vetur. Þjóðfánar landanna voru sýnilegir fyrir framan deild og í hvíldarherbergi. Í samverustundum hlustuðum við á tónlist tengda þjóðernum barnanna og starfsfólks, t.d. lagið um Meistara Jakob. Við skoðuðum hnattlíkan og fræddumst um þjóðlönd. Keypt var ný gólfmotta sem er myndskreytt heimsálfunum og var hún mikið nýtt í umræðum. Myndrænt dagskipulag var notað með 3 börnum á deildinni. 2 þeirra íslensk með slakan orðaforða og skilning og svo barn sem var með engan grunn í íslensku þegar það byrjaði hjá okkur. Starfsfólk bar myndir sem sýndu athafnir um háls til að aðstoða börnin við að skilja hvað þau ætti að gera og við að tjá sig. Eins voru myndir t.d. af svipbrigðum uppi á vegg og þær notaðar með börnum til að tjá tilfinningar sínar og líðan. Öll börn sýndu sjónræna dagskipulaginu áhuga og það hjálpaði.

Einu sinni í viku var Bókaormur deildar valinn og kom þá barn með bók að heiman sem lesin var í samverustund. Innihald bókar rætt með barnahópnum og skráning sett í Ferilmöppu. Efi-2 var fyllt út með þeim börnum sem höfðu aldur til ásamt Tras listanum. Gefðu 10 var skráð með nokkrum börnum deildar, 1-2 vikur í senn. Unnið var með þulur mánaðarlega og einnig verkefni tengd litamánuðum leikskólans.

Umbætur frá síðasta vetri gengu eftir. Svæði í húsi voru vel nýtt og þannig börnum á deild fækkað.



Umbótaáætlun Hrafnakletts

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skráningar í Ferilmöppu barna	Að bæta skráningar í ferilmöppu barna	Skrá þætti í daglega starfinu í máli og myndum, t.d. útinám, kubbastarf, frjálsan leik.	Deildarstjóri /starfsfólk deildar	Okt 2024	Maí 2025	Rætt á deildarfundum. Farið yfir skráningar.	1-2 skráningar á hvert barn í Ferilmöppu yfir tímabil.
Þula mánaðar	Hafa mánaðarlega þulu sem börnin læra	Að barn endursegi þulu mánaðar sem er skráð niður af starfsmanni.	Deildarstjóri /starfsfólk deildar	Sept 2024	Maí 2025	Rætt og farið yfir á deildarfundum hvernig gengur.	Að öll börn eigi sína útgáfu/endursögn af þulum í þulubók í lok maí.



4.3 Arnarklettur

Veturinn á Arnarkletti gekk í heildina ágætlega. Það urðu engar breytingar á barnahópnum frá síðasta vetri en þau voru öll fædd 2018. Vegna ólíkra þarfa og getu í hópnum þurftum við að gera ýmsar breytingar á vinnulagi og verkefnum sem lögð voru fyrir. Starfsmannahópurinn breyttist lítilega vegna breytinga á stöðugildum í barnahópnum og byrjaði nýr starfsmaður hjá okkur um miðjan vetur vegna þessa.

Verkefni vetrarins voru fjölbreytt og héldum við áfram að vinna með sömu áherslur og fyrri ár þar sem málörvun er í forgrunni og mikil áhersla lögð á lestur. Við unnum með máhljóðin með dyggri aðstoð Lubbi finnur málbein, þula mánaðarins var á sínum stað og unnið var sérstaklega með ákveðnar bækur þar sem fléttað var inn í myndsköpun og frásögn út frá sögunni.

Vináttuverkefni Barnaheillar er fastur liður í starfinu og bangsinn Blær fær að fylgja börnunum í leik og starfi. Skipulagðar Blæstundir voru einu sinni í viku þar sem unnið var m.a. með klípusögur, nuddstundir og ýmsa fræðslu til að stuðla að góðum samskiptum milli barnanna. Markmiði er að stuðla að því að börnin séu færari í að tala um tilfinningar sínar, láta vita ef eitthvað kemur upp á og eiga betri samskipti hvort við annað.

Þjóðsaga vetrarins var sagan um Lagarfljótsorminn og fléttaðist vinna tengd henni inn í allt starfið. Börnin sköpuðu ýmis verkefni tengd sögunni og í vor gerði hvert barn sína endursögn.

Skapandi starf fléttaðist inn í allt starfið í vetur með það að markmiði að kynna börnunum ólíkar aðferðir með áhöld, efnivið og upplifun. Við fengum m.a. gestakennara sem kenndi okkur Afrískan dans og hipp hopp og einnig fengum við inn gestakennara sem var með jókastundir.

Nú er úti veður... Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram í vetur. Markmið verkefnisins er að gera börn og starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi hreyfingar og heilbrigðis í víðum skilningi. Við höfum smám saman verið að byggja ofan á verkefnið og hefur það náð að festast í sessi og er orðinn stór hluti af starfinu. Við leggjum aukna áherslu á útinám og markmið fyrir næsta vetur er að fá aðstöðu innan leikskólalóðarinnar til að efla okkur enn frekar.

Þar sem við unnum með elstu börnin síðastliðinn vetur var farið í ýmsar ferðir í nær og fjær umhverfinu sem auðguðu þekkingu, upplifun og áhuga þeirra á ýmsum sviðum. Má þar nefna leikhús, tónleika, ýmiskonar söfn og tónlistarskóla.

Umbótaþættir síðasta vetur voru að efla hljóðkerfis- og málvitund barnanna með námsefninu Lubbi finnur málbein auk þess að breyta fyrirkomulagi á hádegishvöld til að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna. Þessir þættir gengu ágætlega og munum við halda ótrauð áfram næsta vetur með tilliti til nýs barnahópar. Umbótaþættir fyrir næsta vetur verður markmiðssetning barnanna í samvinnu við foreldra sem verður sýnilegt í ferlimöppu þeirra auk þess að leggja áherslu á útikennslu a.m.k. einu sinni í viku frá september til nóvember og frá febrúar til maí.

Það verða töluverðar breytingar á deildinni fyrir næsta vetur þar sem núverandi barnahópur mun hefja skólagöngu í haust. Við tökum því við nýjum börnum strax í vor og munum leggja áherslu á að þau tileinki sér reglur og dagskipulag deildarinnar ásamt því að vinna með öll ofangreind atriði.



Umbótaáætlun Arnarkletts

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Markmið fyrir veturinn	Öll börn setja sér eitt markmið með aðstoð foreldris fyrir veturinn.	Foreldri fær blað með hugmyndum að markmiði fyrir barnið heim og ákveður í samstarfi við það hvaða markmiði skal náð fyrir næsta vor og skilar til okkar í foreldra-viðtali að hausti.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haut '24	Vor '25	Skráning á markmiði fer í ferilmöppu barnsins og fylgst er með jafnt og þétt yfir veturinn hvort því sé náð. Starfsmaður skráir dagsetningu og kvittar fyrir þegar því er náð.	Að barnið sér með skráð a.m.k. eitt markmið í ferilmöppu að vori og að því hafi verið fylgt eftir með skráningu starfsmanns
Útikennsla	Að farið sé í skipulagða útikennslu einu sinni í viku.	Sett verður í dagskipulag útikennsludagur	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haut '24	Vor '25	Skráningar á verkefnum og tímasetningu vikulega.	Að farið sé í skipulagða útikennslu með barnahóp einu sinni í viku. Staður, stund og verkefni skráð jafnt og þétt og safnað saman í til þess gerða möppu



4.4 Fálkaklettur

Vetrarstarfið fór vel af stað hjá okkur á Fálkakletti. Við byrjuðum með alveg nýja deild því elstu börnin sem voru hjá okkur fóru í grunnskólann. Aðlögunin gekk mjög vel því þetta voru börn sem fluttu á milli deilda í leikskólanum.

Starfið gekk vel unnið var með málörvunarverkefni, Vináttuverkefnið með Blæ og jóga stundir. Það verður áfram rauði þráðurinn næsta vetur og við ætlum að bæta við Sögugrunninum og fleiri verkefnum sem efla frásagnir þeirra og framsögn.

Í umbótaráætlun vorum við með „Gefðu 10“ þar sem aðferðin er notuð með öllum fjöltyndum börnum. Það gekk ágætlega og það voru framfarir hjá öllum börnunum. Við unnum með það að auka samræður og samskipti við fjöltyngd börn og það gekk vel. Við náðum ekki að hafa markvissar skráningar á „Gefðu 10“ en sérkennslustjórinn sá einnig um að fylla inn í einstaklings áætlum barnanna með okkur og setjum við það aftur í umbótaáætlun.

Ekki náðist að fylla út TRAS fyrir öll börn og munum við endurskoða það næsta vetur.

Eitt verkefni í umbótaáætlun var að fylla út einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og áttu foreldrar að taka þátt í því. Flestir foreldrar komu með útfyllt blað með markmiði barnsins í foreldraviðtal og við settum markmið með þeim börnum sem ekki var komið með.

Reglulega var farið yfir markmiðin og í apríl og maí var fyllt inn í hvort markmiðinu var náð og sett inn myndir / skráning í ferilmöppuna. Þessu markmiði var náð og ekki sett aftur inn í umbótaáætlun en verður samt áfram verkefni hjá okkur.

Í umbótaáætlun næsta vetur ætlum við að auka skráningar í ferilmöppu barnanna. Börnum og foreldrum finnst gaman að skoða saman ferilmöppu barnsins og okkur finnst vanta fleiri skráningar / myndaskráningar þar sem þau / börnin eru í aðalhlutverki. Markmiðið er að hvert barn eigi a.m.k. tvær skráningar um sig. Einnig fá þau að velja skráningu úr ferðum til að hafa í möppunni sinni.

Á deildarfundum yfir veturinn er farið reglulega yfir barnahópin þar sem börnin eru rædd og hvernig þau eru stödd og hvaða við þurfum að leggja áherslu á. Markmiðið næsta vetur er að gera fleiri skráningar á leik barna, þátttöku í verkefnum deildarinnar og þ.h. Síðan er það notað á deildarfundum og síðan í foreldraviðtölum. Við setjum það í umbótaáætlun að starfsmenn á deildinni geri skráningar reglulega yfir veturinn á starfi sínu með börnunum.

Í vetur verða elstu börnin á Fálkakletti og ákveðið var að hafa þau öll saman á deild eins og undanfarin ár. Þetta er stór hópur, 24 börn, og verður markmiðið okkar í vetur að hafa næg verkefni fyrir þau og nýta allt pláss sem við höfum og getum notað. Í vetur ætlum að vinna með áhugasvið barnanna í gegnum verkefnaáætlun (e. *Project based learning*), en þá námsaðferð kynntumst við í Tallinn í námsferð. Þá vinnum við með stærri verkefni eða þemu sem koma frá börnunum og gerum verkefni tengt því, finnum efni sem tengt því eða förum í ferðir tengdar því þema.

Eftir áramót ætlum við að fá sýn barnanna á leikskólastarfinu og vinna svo umbætur út frá þeirra hugmyndum.



Umbótaáætlun Fálkakletts

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Sögugrunnurinn	Efla málþroska og frásagnahæfni barnanna	Settar verða upp hópar sem fara í sögugrunninn vikulega	Deildarstjóri og starfsmenn deilda	Haust 24	Maí 24	Gerðar verða skráningar í september, janúar og maí	Barn eigi 2-3 sögur ásamt mynd í ferilmöppu
Gefðu 10	Að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn	Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deilda	Haust 24	Maí 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í nóv. 24 og mars 25	Að öll fjöltyngd börn fái markviss samskipti við alla kennara
Skráningar í ferilmöppu	Að auka myndaskráningar á leik og starfi barnsins til að setja í ferilmöppuna	Myndaskráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deilda	Haust 24	Maí 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í nóv.24 og mars 25	Að hvert barn eigi að minnsta kosti 2 myndaskráningar í ferilmöppunni sinni
Skráningar á þroska barna	Auka skráningar á þátttöku og þroska barna í leik og starfi	Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deilda	Haust 24	Maí 24	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í nóv.24 og mars 25	Fyrir foreldraviðtöl verða til skráningar um þroska barns



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla og snemmtæk íhlutun fer að miklu leyti fram í almennu starfi inni á deildum. Mikil áhersla er lögð á að horfa einstaklingsbundið á hvert barn og styðja við það eftir þörfum. Börn sem heyra undir 1. flokk sem og önnur sem heyra undir snemmtæka íhlutun fá jafnframt einkakennslu í samræmi við sínar einstaklingsáætlun í formi vinnustunda. Vinnustundin varir í stuttan tíma í senn (yfirleitt ekki meira en hálf tíma) til þess að gæta þess að barnið missi ekki af dagskipulagi deildarinnar. Einstaklingsáætlunum er skipt upp í langtíma markmið (skoðuð á ca. 6 mánaða fresti) og skammtíma markmið (ca. 4-6 markmið valin í mánuð í senn). Farið er yfir markmiðin á teymisfundum og þau endurmetin á 6-8 vikna fresti. Einkakennsla fer yfirleitt fram í litlum hópum eftir þörfum og þá 2-5 börn í hópnum. Þegar grunur vaknar um einhver frávík barns þá er byrjað strax að vinna með barnið í snemmtækri íhlutun, fyllt út AEPS í samstarfi við foreldra. Myndrænt dagskipulag er aðgengilegt á öllum deildum og notaðar myndir til stuðnings við daglegar athafnir eftir þörfum. Við notum TMT samhliða myndunum í einhverjum tilfellum. Þau börn sem eru óörugg með íslenska tungu fá einnig sérstaka málörvun eins og hægt er, oftast í formi Gefðu-10 ásamt skráningum</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Einstaklingsnámskrár unnar upp úr AEPS færnimati í samvinnu við umsjónamann sérkennslu hvernar deildar, sérkennslustjóra og foreldra. Markmið valin út frá niðurstöðum og skipt upp í langtíma markmið og skammtíma markmið, þau eru svo endurmetin reglulega. Einnig er stuðst við TRAS skráningar á málþroska barna. EFI-II er lagt fyrir öll börn 3 ára og eldri. HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn. Allar deildir notast við Gefðu-10 með ákveðnum börnum í senn, kennarar skipta því niður á milli sín hverju sinni.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Myndrænt skipulag er aðgengilegt inni á öllum deildum. Fjölbreytt úrval af bókum, spilum og púslum eru einnig aðgengileg öllum börnum á öllum deildum til notkunar. Blær og Lubbi. Mikill efniviður er til í sérkennslurými og nýlega hefur verið keypt mikið af alls kyns námsgögnum.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Snemmtæk íhlutun	Markviss snemmtæk íhlutun, Gefðu-10, vinnustundir og fundir lausnateymis reglulega	Skráningar og áætlun gerð reglulega eftir því sem við á. Fagfólk þjónustu-miðstöðvar fengið að málum þar sem þurfa þykir	Sérkennslu-stjóri, deilda-stjórar og leikskóla-stjóri	Haust 2024	Vor 2025	AEPS, TRAS, EFI-II, Hljóm-2, Gefðu-10 ásamt öðrum skráningum sem gerðar eru reglulega til að meta framvindu mála barnanna Teymisfundir á 6-8 vikna fresti	Farið yfir framvindu mála reglulega á deildarfundum, í lausnarleit og á fundum lausnateymis þar sem áætlun verður gerð og yfirfarin í hverju tilfalli



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn vegna fjöltyngi er notað til kaupa á efnivið og fræðslu til starfsmanna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	<i>Gefðu 10</i> er notað á öllum deildum með fjöltyngdum börnum. Á eldri deildum er unnið markvist með <i>Lubbi finnur málbein</i> . Þjóðsöguverkefni er unnið frá áramótum og fram á vor með öllum börnum þar sem notast er við námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin. Aðstandendur barnanna eru hvattir til að taka þátt með því að lesa þjóðsöguna heima. Við sendum söguna heim ásamt orðaskýringum. Einnig höfum við sent hljóðskrá heim til að styðja við fjöltyngdar fjölskyldur. Börnin fá okkar útgáfu af Orðabókin mín heim með sér 1-2 í viku þar sem við drögum fram daglegt starf með myndum af barninu í hinum ýmsu aðstæðum og orðum og hvetjum aðstandendur til að skoða með börnunum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Það er mikið lesið og talað um innihald þess sem lesið er. Við spilum mikið með börnunum einslega og í litlum hópum og leggjum þar áherslu á orðanotkun og skilning. Kennarar eru með þeim í gönguferðum og öðrum aðstæðum og setja orð á það sem er í umhverfinu ...Það eru þula mánaðarins í hverjum mánuði og farið yfir orð og skýringar á þeim.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn til að meta framfarir. Það eru gerðar áætlanir með hverju barni. Hver deild gerir áætlanir fyrir deildina þar sem áherslur eru á t.d. liti, umhverfið, árstíðina, líkama og fl. Þau matstæki sem notuð eru: Hljóm 2 – TRAS – Efi 2 og fleira.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við leggjum áherslu á að börnin taki virkan þátt og öðlist færni í samskiptum sín á milli og við fullorðna. Hjálpum þeim að læra á umhverfið og styðjum við þau í því að læra og skilja tungumálið. Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Fræðsla	Auka þekkingu starfsfólks á fjöltyngis og fjölmenningu	Fræðsla/ námskeið fyrir starfsfólk á Torginu	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 24	Vor 25	Umræðumat	
Áætlanir	Einstaklings-áætlanir	Gerðar einstaklings-áætlanir fyrir öll fjöltyngd börn.	Deildarstjórar/ Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 24	Vor 25	Gátlistar og mat deildarstarfsmanna	Endurmat
Framfarir	Meta framfarir reglulega	Markvisst unnið með Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn	Starfsfólk deilda/ Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 24	Vor 25	Farið yfir Listana	Að það sé fyllt út í listana á 6 – 8 vikna fresti



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl náðust ekki þetta árið en gerð var könnun meðal starfsmanna á vorönn.

6.1 Fræðsla 2023-2024

Fræðsla á skipulagsdögum:

Sálfræðingur úr Austurmiðstöð kom á skipulagsdegi síðastliðið haust og hélt erindi eins og var á áætlun.

Menntastefnuverkefnið var kynnt og farið yfir stöðuna. Eftir það voru umræður um stöðuna og framhaldið. Verkefnið er undir stjórn deildarstjóra Krúkletts og Arnarkletts.

Heilsuefling undir stjórn deildarstjóra Arnarkletts

Farið var í náms- og kynnisferð til Helsinki í Finnlandi og Tallin í Eistlandi. Þar var áherslan á verkefnamiðað nám, útikennslu og barnamenningu.

Ekki tókst að fá fulltrúa Regnbogavottunar til okkar þetta árið en nú er komin dagsetning fyrir fyrsta fræðslunámskeið 22. nóvember og því sjáum við fram á að vera komin með vottunina næsta vor.

6.2 Fræðsla 2024-2025

Eins og fram kom í umbótaráætlun er markmiðið að allir starfsmenn sækji allavega eitt námskeið utan leikskólans. Tekin verða saman þau námskeið sem í boði eru að hverju sinni frá Torgi og Endurmenntun HÍ sem gæti höfðað til starfsfólks. Starfsfólk velur sér námskeið í samráði við sinn deildarstjóra og leikskólastjóra heldur skráningar yfir hverjir hafa farið á hvaða námskeið til að vera viss um að allir hafa fengið tækifæri til að sækja allavega eitt námskeið.

Fræðsla á skipulagsdögum:

Búið er að staðfesta fræðslu á þremur skipulagsdögum í haust. Á skipulagsdegi 19. ágúst fáum við fræðslu um verkefnið *Litlu Laukar* sem snýr að matvendi barna. 27. september og 22. nóvember fáum við fræðslu vegna hinsegin vottunar.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundaheimili hverfisins, Hamraskóla, hefur verið með fjölbreyttu sniði yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefnin að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins.

Í þessu verkefni taka þátt: Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla, ásamt skólastjórnendum beggja skólanna. Umsjón með verkefninu hefur deildarstjóri elstu deildar hverju sinni.

Upphafsfundur með deildarstjóra elstu deildarinnar og kennurum 1. bekkja dagsetningar og viðburðir ákveðnir á fundi í haust en hér á eftir er áætlun án dagsetninga tekið mið af fyrri árum.

Skilafundur er svo milli grunnskóla og leikskóla áður en börnin byrja í grunnskólanum.

Grunnur að samvinnu - Tímatafla	
September	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október	Heimsókn í Hamraskóla samsöngur. 1 bekkur Hamraskóla kemur í heimsókn á Klettaborg tvískiptur bekkur.
Nóvember	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember	Valtími, heimsókn í Hamraskóla og börnin taka þátt í vali með 1. bekk. 10- 12 leikskólabörn fara í einu.
Desember	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur.
Janúar	Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra Hamraskóla.
Janúar - apríl	Heimsókn í frístund einu sinni í mánuði. Umsjónarmaður frístundar og deildarstjóri elstu barnanna skipuleggja.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla. Börnin fara með nesti og taka einnig þátt í frímínútum.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur.
Mars	Valtími í Hamraskóla í val með 1. bekk. ca. 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl	Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl – maí	Vorskóli í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk þar haustið 2024. Ábyrgð foreldra að fara með þau í vorskólann – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí	Börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum



8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

8.1 Foreldrafélag

Tilgangur foreldrafélags Klettaborgar er að standa fyrir ýmiss konar starfsemi í þágu barnanna í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum eins og jólaballi, leiksýningu, danskennslu, menningarferð elstu barna og sumarhátíð. Einnig stendur foreldrafélagið fyrir viðburðum utan leikskólans eins og páskaeggjaleit, sveitaferð og piparkökumálun. Einnig heldu foreldrafélagið úti [facebook síðu](#) fyrir foreldra leikskólans.

Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum miðað er við tvo fulltrúa frá hverri deild. Einn tengiliður frá leikskólanum situr formlega fundi með stjórnarfulltrúum þegar verkefni eru til umfjöllunar sem tengjast hefðum leikskólans og foreldrafélagsins.

Í foreldrafélagi Klettaborgar fyrir skólaárið 2023-2024 voru:

Dagný Eva Magnúsdóttir – Formaður

Inga Lóa Ragnarsdóttir

Olgeir Gunnsteinsson – Gjaldkeri

Júlíana Garðarsdóttir

Davíð Örvar Einarsson

Ragnhildur Sigurðardóttir

Íris Ósk Hlöðversdóttir

Þórdís Guðrún Jakobsdóttir

Guðlaug María Pálsdóttir

8.2 Foreldraráð

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3-4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Helsta hlutverk ráðsins er að gefa umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Í foreldraráði Klettaborgar fyrir skólaárið 2023-2024 voru:

Dagný Eva Magnúsdóttir

Júlíana Garðarsdóttir

Olgeir Gunnsteinsson

Sigrún Eva Jónsdóttir Bouraima

8.3 Foreldrasamvinna

Foreldrafundir að hausti í október, auglýstir með góðum fyrirvara. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30- 9.30 og eru tvær deildir saman á fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin og auglýsa tíma með góðum fyrirvara.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öll samskipti við leikskólann það eru helst, í fyrsta upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar í leikskólanum, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum, foreldrafundum og eftir þörfum. Einnig er fenginn



símatúlkur ef þörf er talin á því. Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku. Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

Fylgirit með starfsáætlun er viðburðardagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.

Foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar dagsetning verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er samstarfsverkefni Hamraskóla og Klettaborgar. Sá fundur er haldinn í Hamraskóla. Frístund er með á þeim fundi.

Tölvupóstur með helstu fréttum að deildum eru sendir oftast vikulega og leikskólastjóri sendir tvisvar til þrisvar á önn um starfið í heild og tilkynningar sem mikilvægar eru hverju sinni. Foreldrasamskipti hafa í auknu mæli færst yfir á Völuna og setja deildir myndir þar inn, dagatal, tilkynningar, matseðil og hvernig börnin borðuðu og sváfu.

9 Skipulagsdagar

Á skólaárinu 2024 -2025 verða skipulagsdagar sem hér segir, en með fyrirvara um breytingar:

19. ágúst '24	Eftir hádegi (½ dagur)	
27. september '24	Allan daginn	Sameiginlegur með Hamraskóla
22. nóvember '24	Allan daginn	
10. janúar '25	Allan daginn	
6. febrúar '25	Allan daginn	Sameiginlegur með Hamraskóla
12. mars '25	Eftir hádegi (½ dagur)	
9. maí '25	Allan daginn	



Leikskóladagatal 2024 - 2025

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 F	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 M	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 F	6 Þ	6 Þ	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 M	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 M	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 Þ	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 S	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 L	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 F	18 S	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 M	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 Þ	20 S
21 M	21 L	21 M	21 M	21 F	21 M	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 F	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 F	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 F	24 L	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 F	25 S	25 F
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 M	26 L	26 M	26 M	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 F	27 F	27 Þ	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 M	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 F	30 F	30 S	30 M	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L	31 F

- SEPTEMBER**
19. dagur - Eilíf hádegí
27. sep - Allur dagurinn
22. nóv - Allur dagurinn
- OKTOBER**
10. jan - Allur dagurinn
6. feb - Allur dagurinn
12. mar - Eilíf hádegí
9. maí - Allur dagurinn
- NOVEMBER**
8. okt - Foreldranundur HK/KK
9. okt - Foreldranundur AK/FRK
15. okt - Önnu og afé kaffi
5. feb - Foreldrar í mögumnaí
7. maí - Opúð hús
- DESEMBER**
10. jan - Allur dagurinn
6. feb - Allur dagurinn
12. mar - Eilíf hádegí
9. maí - Allur dagurinn
- JANÚAR**
8. okt - Foreldranundur HK/KK
9. okt - Foreldranundur AK/FRK
15. okt - Önnu og afé kaffi
5. feb - Foreldrar í mögumnaí
7. maí - Opúð hús
- FEBRÚAR**
20. sep - Hefudlaedagur
23. okt - Bangsaedagur
31. okt - Hrekkjavaka
7. nóv - Öðruvísi hárdagur
14. nóv - Dóladagur
- MARS**
13. des - Jólanúfudagur
21. mar - Dagur fjölv.
28. mar - Rugladagur
4. apr - Nesisdagur
29. apr - Blómaball
15. maí - Dóladagur
- APRÍL**
21. mar - Dagur fjölv.
2. jún - Almennisráðið
13. jún - Sölgjenundagur
18. jún - Lýðveldisráðið
- MÁI**
15. maí - Dóladagur
21. maí - Svartur dagur
18. okt - Blakur dagur
21. nóv - Brunn dagur
13. des - Rauður dagur
31. jan - Hvítur dagur
- JÚNÍ**
26. sep - Grænn dagur
18. okt - Blakur dagur
21. nóv - Brunn dagur
14. apr - Blár dagur
23. maí - Fjölbúlar dagur
- JÚLÍ**
21. feb - Svartur dagur
14. mar - Apeisling dagur
23. maí - Fjölbúlar dagur

Með fyrirvara um breytingar
Allir viðburðir og sérstakir dagar verða auglýstir sérstaklega þegar nær að dregur

11 Fylgiskjöl

11.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlunin lítur vel út og það er sérstaklega spennandi að heyra um rannsóknina Litlu Laukar. Okkur líst mjög vel á bragðlaukaþjálfun fyrir þennan aldur.

Það eina sem við setjum spurningamerki við í starfsáætluninni er að „Lubbi finnur málbein“ sé aðeins notað á eldri deildunum þegar námsefnið er hannað fyrir börn frá 2 ára aldri.

Mjög áhugavert að fara yfir þetta og kynnast betur starfseminni og hugmyndum.

Foreldraráð Klettaborgar 2023-2024

Dagný Eva Magnúsdóttir

Júlíana Garðarsdóttir

Olgeir Gunnsteinsson

Sigrún Eva Jónsdóttir Bouraima



11.2 Litlu Laukar

Rannsókn á matvæðni hjá 0-6 ára börnum og fæðumiðuð íhlutun í leikskólum - þátttaka úr leikskólum í samhönnun.

Verkefnið:

Fyrstu æviár barna skipta sköpum fyrir framtíðarheilbrigði þeirra og þroska, þar sem fjölbreytt og hollt mataræði er grundvallaratriði. Meðal hindrana fyrir aukinni fjölbreytni í fæðuvali barna er erfið matarhegðun, svo sem matvæðni, sem er algeng hjá ungum börnum. Langtímarannsóknir á vaxtarferlum barna með matvæðni skortir og enn fremur hvort fæðumiðaðar íhlutanir geti haft áhrif á fæðuveenjúr, matvæðni og vaxtarferla til lengri tíma lítið.

Markmið:

- 1) Meta gagnsemi Bragðlaukaþjálfunar í leikskólum
- 2) Mat á fæðutengdri hegðun og matvæðni
- 3) Vaxtarkúrfum barna ásamt stuttum spurningalista tengt fæðuveenjúr verður safnað frá 6 mánaða til 4 ára hjá inngrípshópi og samanburðarhópi

Hlutverk leikskólans:

- 1) Að nota Bragðlaukaþjálfun í daglegu starfi með börnum á öllum deildum þátttökuleikskóla.
- 2) Að tengja verkefni Bragðlaukaþjálfunar við matartíma í leikskólanum eftir því sem hægt er.
- 3) Samstarf um miðlun upplýsinga og hvatningu til foreldra með rannsakendum.
- 4) Safna upplýsingum um fæðuveenjúr og matvæðni innan leikskólans í samvinnu við rannsakendur

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar: Dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í næringarfræði við Menntavísindavið Háskóla Íslands.

Dagleg umsjón og umsýsla verkefnis er í höndum Berglindar Lilju Guðlaugsdóttur, doktorsnema í heilsueflingu. Hún er jafnframt næringarfræðingur.

Aðrir rannsakendur í doktorsnefnd Berglindar eru Dr. Sigrún Þorsteinsdóttir, nýdoktor í heilsueflingu á Menntavísindasviði HÍ og klínískur barna og heilsusálfræðingur á Barnaspítala Hringinsins.

Dr. Ragnar Bjarnason, prófessor í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir Barnaspítala Hringinsins.

Foreldrar samþykkja þátttöku inni á heilsuvera.is



F. h. leikskólans Klettaborgar

Júliana Hilmið

Júliana S. Hilmiðóttir

Leikskólastjóri

30.06.2024

Dagsetning og staður





Leikskóladaatal 2024 - 2025

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
	Grænn mánuður	Bleikur mánuður	Brúnn mánuður	Rauður mánuður	Hvítur mánuður	Svartur mánuður	Appelsínugulur mánuður	Gulur mánuður	Fjólublár mánuður		
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýsdagurinn	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Afmælishátíð	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F Blár dagur	4 S	4 M	4 F
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M Foreldrar í morgunmat	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ Leikskólinn Opnar	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándaball	6 F Skipulagsdagur	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ Foreldrafundur HK/KK	8 F Óðruvísi hárdagur	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F Opið hús	8 S Hvítasunnudagur	8 Þ
9 F	9 M	9 M Foreldrafundur AK/FK	9 L	9 M	9 F Vasaljósdagur	9 S	9 S	9 M	9 F Skipulagsdagur	9 M Annar í hvítasunnu	9 M
10 L Gleðiganga	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F Skipulagsdagur	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M Skipulagsdagur e.h.	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 F Rauður dagur	13 M	13 F	13 S	13 Þ	13 F Sölgleraugnadagur	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L Dótadagur	14 L	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ Ömmu og afa kaffi	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F Dótadagur	15 S	15 Þ
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M Tannverndarvika	17 F Skirdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagur	17 F
18 S	18 M	18 F Bleikur dagur	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Fóstudagurinn Langi	18 S	18 M	18 F
19 M Skipulagsdagur e.h.	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M Rugldagur	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F Höfuðfatadagur	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 F	20 S Páskadagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L Brúnn dagur	21 L Vetrarsólstöður	21 Þ	21 F Svartur dagur	21 F Dagur fjölbreytleikans	21 M Annar í páskum	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 F Skipulagsdagur	22 S	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 S	23 M	23 F Fjólublár dagur	23 M
24 L Menningarnótt	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F Aðfangadagur	24 F	24 M Bóndadagur	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 M Jólادagur	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F Grænn dagur	26 L	26 F	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F Skipulagsdagur	27 S	27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ Blómaball	29 F Uppstigningadagur	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F Hrekkjavaka		31 Þ	31 F Gamlársdagur	31 F Hvítur dagur		31 M	31 L		31 F

Skipulagsdagar
19. ágú - Eftir hádegi
27. sep - Allur dagurinn
22. nóv - Allur dagurinn

10. jan - Allur dagurinn
6. feb - Allur dagurinn
12. mar - Eftir hádegi
9. maí - Allur dagurinn

Foreldravíðburðir
8. okt - Foreldrafundur HK/KK
9. okt - Foreldrafundur AK/FK
15. okt - Ömmu og afa kaffi
5. feb - Foreldrar í morgunmat
7. maí - Opið hús

Sérstakir dagar
20. sep - Höfuðfatadagur
23. okt - Bangsadagur
31. okt - Hrekkjavaka
7. nóv - Óðruvísi hárdagur
14. nóv - Dótadagur

13. des - Jóláhöfundagur
des - Jóláball
6. jan - Þrettándaball
9. jan - Vasaljósdagur
5. feb - Óskudagur

21. mar - Dagur fjölbr.
28. mar - Rugldagur
4. apr - Nestisdagur
29. apr - Blómaball

15. maí - Dótadagur
2. jún - Afmælishátíð
13. jún - Sölgleraugnadagur
18. jún - Lýðveldishátíð

Litadagar
26. sep - Grænn dagur
18. okt - Bleikur dagur
21. nóv - Brúnn dagur
13. des - Rauður dagur
31. jan - Hvítur dagur

21. feb - Svartur dagur
14. mar - Appelsínug. dagur
4. apr - Blár dagur
23. maí - Fjólublár dagur

Með fyrirvara um breytingar

Allir viðburðir og sérstakir dagar verða auglýstir sérstaklega þegar nær að dregur